



Reykjavík, 7. október 2024

FAS24090031

Borgarráð

Tillaga um ráðstöfun eigna og slit styrktarsjóðs Guðrúnar Daníelsdóttur.

Lagt er til að fjármunum Styrktarsjóðs Guðrúnar Daníelsdóttur verði ráðstafað til Barnaspítala Hringins og að sjóðnum verði slitið við sama tækifæri, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Greinargerð:

Vísað er til tölvupósts, dags. 17. september 2024, sem barst sviðsstjóra sem og lögræðingi fjármála- og áhættustýringarsviðs frá sviðsstjóra Velferðarsviðs þar sem lagt er til að fjármunum úr Styrktarsjóði Guðrúnar Daníelsdóttur verði varið í samræmi við tilgangi sjóðsins en hann hefur verið óhreyfður til margra ára.

Er það mat sviðsstjóra að ráðstöfun fjármuna sjóðsins til Barnaspítala Hringins sé sem skyldastu hinum upphaflegu markmiðum. Í 3. gr. stofnskrá sjóðsins kemur fram að tilgangur sjóðsins sé að styrkja fátæk og heilsuveil börn í Miðbæjarskólanum í Reykjavík.

Ársreikningur fyrir árið 2023 var lagður fram þann 12. ágúst 2024 þar sem fram kemur að eigið fé sjóðsins nemi 5.439.126 kr. Er það sú fjárhæð sem lagt er til að verði veitt úr sjóðnum til Barnaspítala Hringins, auk þeirra vaxta sem fallið hafa til þar til sjóðnum er formlega slitið. Jafnframt er lagt til að sjóðnum verði slitið eftir að eign sjóðsins hefur verið ráðstafað samkvæmt framansögðu.

Niðurlagning og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs eru háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga skal við niðurlagningu sjóðs eignum varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum en Reykjavíkurborg er vörsluaðili sjóðsins og yfir honum er engin starfandi stjórn. Því er óskað eftir að borgarráð samþykki að leggja niður sjóðinn og úthluta fjármunum hans, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra, í samræmi við framangreinda tillögu sem er í samræmi við markmið sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Samrit:

Hjálagt: Ársreikningur sjóðsins 2023, skipulagsskrá og greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Reykjavík, 7. október 2024

FAS24090031

Greinargerð um slit og ráðstöfun eigna Styrktarsjóðs Guðrúnar Daníelsdóttir FAS24090031

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, er sýslumanni heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að ávallt skuli leita umsagnar Ríkisendurskoðunar ef leggja eigi sjóð niður.

Leitað var til sýslumannsins á Norðurlandi vestra sem sér um slit sjóða sem starfa skv. skipulagsskrá og beðið um álit á því hvort heimilt væri að borgarráð myndi samþykkja slit sjóðanna og ráðstöfun eigna þeirra þar sem engin stjórn sé staðar í sjóðunum. Sýslumaður samþykkti þá leið og sagðist yfirfara gögnin þegar tillögurnar væru sendar þeim ásamt samþykki borgarráðs og í framhaldi senda þær áfram til Ríkisendurskoðunar.

Eins og áður hefur komið fram, segir í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 að eignum sjóðanna skuli varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum sem fram koma í stofnskrá sjóðanna. Vinna fór fram á viðeigandi sviðum borgarinnar til að tryggja það að áðurnefndu ákvæði væri fylgt af mikilli kostgæfni. Mikil ánægja er með þær ákvarðanir sem teknar voru hvað varðar ráðstöfun eigna sjóðanna og er sú ráðstöfun tilgreind í tillögu hvers sjóðs.

Eins og fram hefur komið eru slit á og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988. Þá skal slit sjóða varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum skv. skipulagsskrá sbr. lokamálslið 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga.

Niðurlag:

Niðurlagning og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs eru háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga skal við niðurlagningu sjóðs eignum varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum en Reykjavíkurborg er vörsluaðili sjóðsins og yfir honum er engin starfandi stjórn. Því er óskað eftir að borgarráð samþykki að leggja niður sjóðinn og úthluta fjármunum hans, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra, í samræmi við framangreinda tillögu sem er í samræmi við markmið sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá.

Virðingarfyllt,
Halla Björg Evans, lögfræðingur
Fjármála- og áhættustýring



Reykjavík

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur“ 21
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. febr. 1950. 8. febr.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Danielsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með $\frac{1}{3}$ hluta eftirlátinna eigna Guðrúnar Danielsdóttur, sem var kennslukona við Miðbæjarskólann í Reykjavík í 35 ár. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Guðrúnar Danielsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 18000 — átján þúsund krónur — í skuldabréfi og kr. 500 fimm hundruð krónur — í peningum, samtals kr. 18500 — átján þúsund og fimm hundruð krónur —. Skal fé þetta jafnan ávaxtað á tryggilegan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, samkvæmt arfleðsluskrá hinnar látnu, dags. 12. okt. 1939, að styrkja fátæk og heilsuveil börn í Miðbæjarskólanum í Reykjavík. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000 — tuttugu og fimm þúsund krónur — má í þessu skyni gerja árlega $\frac{1}{2}$ vöxtum sjóðsins, en afgangur leggist við höfuðstól. Þyki ekki tilefni eða ástæða til eitthvert árið að úthluta neinu af vöxtunum, skal leggja þá við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi þrjú menn. Skólastjóri og skólalæknir Miðbæjarskólans og formaður fræðsluráðs Reykjavíkur. Úthlutar stjórnin styrkjum úr honum. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000 — fimmtíu þúsund krónur — má, með samþykki fræðsluráðs Reykjavíkur breyta framanskráðum ákvæðum um það, hve miklu vöxtum hans megi úthluta. Þá má aldrei ákveða, að minna en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn árlega.

Stjórnin skal halda gerðabók, sem hún löggildir og skrá í hana samþykktir sínar varðandi ávöxtun sjóðsins, úthlutun og annað, sem máli skiptir.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um að leiði Guðrúnar Danielsdóttur í kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík sé jafnan vel við haldið og ber sjóðnum að kosta viðhaldið.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu færðir í gerðabók hans og endurskoðaðir af endurskoðendum Reykjavíkurbæjar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

1.147.000

AFRIT

4. gr.

sjóðsins skipa 3 menn. Sjálfkjörinn í stjórnina er organleikarinn við Reykjavík. Hinir tveir skulu kosnir af bæjarstjórn höfuðstaðar

5. gr.

sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og læra í hana skipulags- samþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóð- ennfremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og útsreikninga sjóðsins.

6. gr.

Stendur undir umsjón bæjarstjórnar höfuðstaðarins. Hún kys á úrskoðendur og úrskurðar reikninga sjóðsins og gerir allar nauðsyn- nar til þess að úrskurðum hennar sé fram fylgt. Reikningsár sjóðsins er 1.1. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikninga sjóðsins í Lögbirtinga-

7. gr.

al konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild afannna.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald.

1. gr.

skaðstandast kostnað við eftirlit með eftirgreindum vörum, sem fluttar og til lands eða framleiddar verða hér á landi, skal greiða gjald, sem er með tolltekjum rikissjóðs, eins og hér segir:

Vara	Gjald- eining	Vöru- magns- gjald Aurar
Ómsulta og aldinmalk	1 kg	2
Ómsafi og aldinsöft	1 l	2
Ósykurvatn með kjörnum	—	2
Óbætur	—	2
Óflúki	1 kg	2
Óflúksblöndur	—	2
Óhverskonar	—	2
Óduft	—	2
Ómalt	—	2
Ómalaði, hverskonar	—	2
Órykkir, hverskonar	—	3
Óog ediksýra	1 l	1
Óog kryddvörur	1 kg	3
	—	6

Skal reikna eftir magni varanna án umbúða. Brot úr gjaldeiningu, sem er meiri en 10% af gjaldeiningu, skal sleppt. Lág-
sta gjaldverðing skal verða kr. 0.50.

Verðbréf í eigu Styrktarsjóðs Guðrúnar Danielsdóttur.

Ár:	Flokkur	Nr.	Nafnverð	LVT	LVT	LVT
1986	1. fl. A	D 0002459	10,000	1/1/86	1/1/86	Hækkun
1986	1. fl. A	D 0002460	10,000	1/1/86		
1986	1. fl. A	D 0002461	10,000	1/1/86		
1986	1. fl. A	D 0002462	10,000	1/1/86		
1986	1. fl. A	D 0002463	10,000	1/1/86		
1986	1. fl. A	D 0002464	10,000	1/1/86		
1986	1. fl. A	D 0002465	10,000	1/1/86		
1986	1. fl. A	D 0002466	10,000	1/1/86		
1986	1. fl. A	F 0000447	100,000	1/1/86		
			180,000		1/1/97	
					X	546.78 = 973.464
	Gjald dagar 10. janúar og 10. júl í ár hvert.					
	Innlausnarverð óbreytt milli gjalddaga.					
	Gildistími til 10. janúar 2000.					
	Nafnvextir eru 8,5 % á ári, jafnir allan lánstímann.					
	Vextir og vaxtavextir greiðast í einu lagi eftir á við innláusn.					
	Verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti í hlutfalli við hækkun LVT frá 01/01/86 til gjalddaga miðað við janúar og júlívísitölur.					

J.D.

	Dagsetning	Afgreiðslustaður Banki Gjaldkeri	Innlag/Úttekið	Tegund færslu	Tilvísunarnúmer Banki Teg Reikn nr	Innstæða krónur
1	040592	01010037	*1.263,68+	INNL	010105278419	>*****1.263,68
2	311292	01010003	*30,81+	VEXT	010105278419	>*****1.294,49
3	311293	01010024	*93,75+	VEXT	010105278419	>*****1.388,24
4	050794	01010003	*25,26+	ANBÓ	010105278419	>*****1.413,50
5	311294	01010003	*46,05+	VEXT	010105278419	>*****1.459,55
6	311295	01010024	*60,15+	VEXT	010105278419	>*****1.519,70
7	311296	01010020	*65,20+	VEXT	010105278419	>*****1.584,90
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						

Ársreikningur 2023

Styrktarsjóður Guðrúnar Daníelsdóttur

Númer í sjóðaskrá 717

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnar, nafn og aðsetur vörsluaðila	2
Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar með ársreikningi	6

Staðfesting stjórnar


Stjórn Styrktarsjóðs Guðrúnar Daníelsdóttur staðfestir hér með ársreikning þennan fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 12. ágúst 2024.

Vinsamlegast vérlitid nöfn og áritid einnig

Nöfn stjórnarmanna

Halldóra Káradóttir



Kennitala

030365-4379

Heimili

Naustavör 18

Vörsluaðili

Reykjavíkurborg

Heimili Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík

Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar

Ég undirritaður hef aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Daníelsdóttur vegna ársins 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.


Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við III. kafla laga um bókhald nr. 145/1994. Þeim ber einnig að sjá til þess að viðeigandi eftirlit sé til staðar þar sem það á við og að ársreikningurinn sé í meginatriðum byggður á viðeigandi reglum ársreikningakafla bókhaldslaga og án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Styrktarsjóð Guðrúnar Daníelsdóttur við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Ég hef tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirlit framsetningu hans í heild.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Ég undirritaður hef yfirlit ársreikningurinn og tel að hann gefi glögga mynd af afkomu Styrktarsjóðs Guðrúnar Daníelsdóttur á árinu 2023 og efnahag 31. desember 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 12. ágúst 2024.



Rekstrarreikningur ársins 2023

Tekjur	Skýr.	2023	2022
Aðrar tekjur		0	0
Tekjur samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður		0	0
Gjöld samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur		118.336	23.541
Gengishagnaður af vörslureikningi		0	
Fjármagnstekjuskattur		(26.034)	(5.179)
Fjárm.liðir samtals		<u>92.302</u>	<u>18.362</u>
Niðurstaða rekstrar		<u>92.302</u>	<u>18.362</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	2023	2022
Veltufjármunir			
Bankainnstæður og sjóðir	1	5.439.126	5.346.824
Veltufjármunir samtals		5.439.126	5.328.462
Eignir alls		5.439.126	5.346.824
 Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Eigið fé í ársbyrjun		5.346.824	5.328.462
Tekjur umfram gjöld		92.302	18.362
Eigið fé samtals		5.439.126	5.346.824
 Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		0	0
Skammtímaskuldir samtals		0	0
Skuldir og eigið fé alls		5.439.126	5.346.824

Skýringar	2023	2022
1 Bankainnstæður og sjóðir		
Bankainnstæður kjörbók 0101-05- 278419	5.439.126	5.346.824
Bankainnstæður 31.12.2022	<u>5.439.126</u>	<u>5.346.824</u>